71 sem beiðandinn nú á, verji hann jafnan og haldi honum við í sæmilegu standi,
30. júní. og *að* hlutaðeigandi hjeraðsprófastur skoði hann á kostnað eiganda í hvert skipti sem hann visiterar sóknarkirkjuna; auk þess skal beiðandi innan 6 vikna frá því er landshöfðingi Vor yfir Íslandi lætur hann vita af leyfisbrjefi þessu rita og afhenda til þinglýsingar skuldbindingarskrá með veði í jörðunni næst á eptir veðböndum þeim, er nú kunna að hvíla á henni, og sje hann þar og eigendur jarðarinnar Brokey eptir hann skyldaðir til að fullnægja framangreindum skilyrðum.

Gefið á Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn 30. júní 1885.

Undir Vort konunglega innsigli.

Eptir allramildilegustu boði hans hátignar konungsins

J. Nellemann.

Leyfisbrjef handa Jóni bónda Bergssyni í Brokey í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu í vesturamti Íslands til að gjöra sjer og sínum legstað á tjeðri eyju.

Gjald: 33 kr. 66 a.

72 **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um umboð hjer í landi fyrir**
15. júlí. **lífsfjár- og framfærslustofnunina í Kaupmannahöfn frá 1871.** — Jafnframt því að senda yður hjermeð, herra landshöfðingi, eptirrit af brjefi, er lífsfjár- og framfærslustofnunin frá 1871 hefur hingað sent, og þarsem skýrt er frá, að hjeraðslæknir, dr. med. J. Jónassen, muni verða skipaður umboðsmaður nefndrar stofnunar í Reykjavík, eruð þjer þjónustusamlega beðinn að gjöra ráðstafanir þær sem nauðsynlegar eru, til þess að umboðsmaður þessi geti fyrst um sinn innborgað í jarðabókarsjóðinn það sem afgangs verður hjá honum af peningum, sem hann tekur við fyrir stofnunina, gegn því, að stofnuninni verði aptur greitt fje þetta við aðalfjehirzluna.

73 **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* um skilyrðin fyrir því, að**
15. júlí. **geta verið skipstjóri eða stýrimaður á íslenzku skipi.** — Með þóknanlegu brjefi 9. f. m. hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað bænarskrá frá hvalveiðafjelaginu Mons Larsen & Co, er nú sem stendur rekur hvalveiðar við Ísland með gufuskipinu Ísafold, er fengið hefur íslenzkt þjóðernisskýrteini til bráðabyrgða, en skipstjóri þess og stýrimaður hafa fengið borgarabrjef í Ísafjarðarkaupstað. Í bænarskrá þessari fer fjelagið þess á leit, að það megi láta þennan skipstjóra og þennan stýrimann fara með «Ísafold» til Noregs nú í haust, til að leggja hana þar í skipakví til rannsaks og koma svo með hana til Íslands aptur að vori, og það þrátt fyrir það, þótt þeir, til þess að fá íslenzkt borgarabrjef, hafi lýst því yfir fyrir bæjarfógetanum á Ísafirði, að þeir ætluðu sjer að setjast að á Íslandi. En jafnframt spyrst fjelagið fyrir um, hvort það yfir höfuð að tala sje nauðsynlegt, að skipstjóri og stýrimaður á skipi, sem fengið hefur íslenzkt þjóðernisskýrteini, sjeu búsettir á Íslandi eða í Danmörku.

Útaf þessu skal eigi látið hjálíða þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, eptir því sem þörf er á, að einsog þjer hafið tekið fram, herra landshöfðingi, er það nauðsynlegt eptir opnu brjefi 27. maí 1859, sem í því tilliti